



NÁTTÚRUSTOFA  
SUDAUSTURLANDS



## Helsingjavarþ í Skaftafellssýslum 2020

Lilja Jóhannesdóttir, Kristín Hermannsdóttir & Svenja N.V. Auhage



## Inngangur

Helsingi er tiltölulega nýr varpflugl á Íslandi og er aðalvarpútbreiðsla hans í Skaftafellssýslum. Þar fór fram heildstæð hreiðurtalning í fyrsta skipti árið 2019 og fundust alls 2051 hreiður (Lilja Jóhannesdóttir ofl. 2020). Í tengslum við AEWA (African - Eurasian Migratory Waterbird Agreement) og EGMIWG (European Goose Management International Working Group) er hafin samvinna við Breta og Íra um vöktun íslenska varpstofnsins og þess grænlenka. Samkvæmt rannsóknáætlun á að meta íslenska varpstofninn sömu ár og heildartalning fer fram á vetrarstöðvum á Bretlandseyjum, þ.e. 2020, 2023 og 2026 (McKenzie et al. 2021).

Líkt og 2019 var talningin 2020 framkvæmd af Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Suðausturlands. Náttúrustofa Suðausturlands sá um vettvangsvinnu í Austur-Skaftafellssýslu ásamt Fuglaathugunarstöð Suðausturlands og Náttúrufræðistofnun Íslands safnaði gögnum í Vestur-Skaftafellssýslu. Árið 2019 var talningin ýtarlegri og leitað á flestum mögulegum stöðum á rannsóknasvæðinu (Lilja Jóhannesdóttir ofl. 2019). Árið 2020 var einungis talið á svæðum með þekktu varpútbreiðslu en auk þess var flogið yfir þéttustu vörpin og þau ljósmynduð til hreiðurtalningar.

## Aðferðir


Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands töldu í Vestur-Skaftafellssýslu dagana 1. og 2. júní. Þá var keyrt og gengið meðfram Hólmsá, frá Hrífunesi að Brytalækjum með svipuðum hætti og gert var 2009 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Svenja N. V. Auhage 2012) og 2019 (Lilja Jóhannesdóttir ofl. 2019). Einnig var ekið inn að Skaftárdal, þar sem eitt varppar fannst 2019 og síðan gengið meðfram Tungufljóti austan ár, á þeim kafla sem helsingjar fundust árið áður, þ.e. frá Snæbýli og niður fyrir Gröf. Talin voru öll hreiður sem fundust, þ.e. hreiður sem legið var á, útleidd eða rænd. Eins voru allir fuglar taldir sem sáust og metið hvort um var að ræða varppör eða geldfugla. Þar sem nánast öll hreiður voru í hólum í óvæðum ám eða í ókleifum klettum var aldrei farið að þeim en gps-hnit tekin á móts við varpsvæðin ásamt nánari lýsingu á dreifingu hreiðranna. Auk þess skoðaði Kristinn Haukur Skarphéðinsson tvö svæði í Meðallandi seint í júní: neðanvert Eldvatn á móts við Hnausa og uppistöðulón við Botna.

Starfsmenn Náttúrustofu Suðausturlands og Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands töldu helsingjahreiður í Austur-Skaftafellssýslu dagana 1.- 3. júní 2020. Nokkuð breytilegt var á milli svæða hvernig hreiðrin voru talin en á öllum stöðum var einnig metinn fjöldi fullorðna fugla. Í Skúmey, þar sem mjög þétt byggð er á smáu svæði (10 ha), voru hreiður kortlögð nákvæmlega (Viðauki 1). Í Nesjum voru gengin þekkt varpsvæði helsingja og hreiður kortlögð (Mynd 1). Svæðið á Mýrum er allvíðfeðmt og illfært og því var mest af því skoðað með fjarsjá, Háateigsfitjungur var þó genginn og hreiður kortlögð (Mynd 1).



Mynd 1 - Þekktir varpstaðir helsingja á Mýrum, í Nesjum og í eyjum í Hornafirði þar sem leitað var varppara 2020, eru afmarkaðir með rauðum hringjum.

Keyrt var um Suðursveit og Breiðamerkursand, bæði þjóðveg 1 og slóða, og litast um eftir helsingjum (Mynd 2) og hvort ungar væru með hópunum. Markhólmi í Breiðabólstaðarlóni og eyjarnar í Hornafirði voru myndaðar úr lofti með flygildi, en þau gögn glötuðust vegna tölvuárásar, fjöldi hreiðra á þeim svæðum var því gróflega áætlaður eftir minni.



Mynd 2 - Vegir og slóðar sem eknir voru í leit að helsingjum í Suðursveit og Breiðamerkursandi árið 2020.

Til þess að prófa hentugleika flugmynda til talninga á hreiðrum í helsingjavörpum flaug starfsmaður Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 2. júní 2020 yfir og myndaði úr lofti flest stærstu vörpin bæði í Vestur- og Austur-Skaftafellssýslu sem öll voru talin af jörðu niðri samdægurs eða degi fyrr eða síðar. Flogið var í tveggja hreyfla flugvél, Partenavia P-68 Observer (TF-BMW), sérhannaðri til lóðréttrar myndatöku. Ljósmyndað var um gat á gólfi í um 700 feta hæð yfir jörðu. Tvær Canon 5D SR (50,6 MP) myndavélar voru notaðar og var önnur með fastri 50mm Zeiss linsu (Planar f. 1,4) og hin með Canon zoomlinsu (24-105mm, 1:4L) sem fest var í 24mm brennividd (breidd myndflatar 310m og 155m). Báðar voru með handstilltri skerpu á óendanlegt sem tryggð var með límbandi. Notaður var fastur hraði 1/4000 og ljósnæmi á 800 ISO. Vélunum var stýrt með samtengdum tímastilli og tekin 1 mynd á sekúndu fresti á meðan flogið var yfir helsingjabyggðirnar.

### Niðurstöður

Við Hólmsá í Skaftárhreppi fundust 400 hreiður og 1545 fuglar alls, sem er töluverð fjölgun frá því árinu áður eða um 43% en þá fundust 280 hreiður (Tafla 1). Varpsvæðið við Hólmsá hefur frá 2009 stækkað í báðar áttir meðfram ánni og nær nú langleiðina upp að Brytalækjum og niður fyrir Atley, en þar verpa helsingjar í háum björgum meðfram ánni eins og þeir gera á heimskautasvæðum. Dreifing varpsins við Hólmsá var nánast óbreytt frá 2019 til 2020. Við Skaftá fundust alls átta fuglar, þar af tvö pör við hreiður nærri bænum Skaftárdal, og allir átta fuglarnir voru í pörum. Á þessu svæði fannst eitt par 2019. Við Tungufljót fundust í 16 varppör og 75 fuglar alls (2019: 11 pör og 53 fuglar alls), öll á sama svæði og 2019, þ.e. á afmörkuðu svæði fyrir neðan

bæinn Snæbýli og niður fyrir Gröf. Einnig fundust þrjú varppör og 7 fuglar alls við Eldvatn í Meðallandi lok júní. Flogið var yfir þetta svæði í leit að helsingjum 2019 en engir fundust. Að sögn Kjartans Ólafssonar í Botnum hafa helsingjar sést þar áður á varptíma en ekki orpið fyrr en 2020.

Tafla 1 - Helsingjar í Vestur-Skaftafellssýslu vorin 2019 og 2020

	Varppör		Fjöldi fugla	
	2019	2020	2019	2020
Hólmsá	280	400	1064	1545
Tungufljót	11	16	53	75
Skaftá	1	2	2	8
Eldvatn	-	3	-	7
<b>ALLS</b>	<b>292</b>	<b>421</b>	<b>1119</b>	<b>1635</b>

Í Skúmey í Jökulsárlóni fundust 1495 hreiður (Tafla 2) og því má áætla að þar hafi verið a.m.k. 2990 fuglar. Á Breiðamerkursandi sáust 43 pör með unga en í heild 527 fullorðnir fuglar. Í Suðursveit sáust engin varppör (Tafla 2), nema í Markhólma í Breiðabólsstaðarlóni þar sem áætlað er að hafi verið 19 hreiður. Í Suðursveit voru aftur á móti stórir hópar geldfugla eða í heild 834 fuglar. Á Mýrum voru 364 varppör og alls fundust 1959 fuglar. Í Nesjum sáust 136 varppör, sem nær öll voru í Skógey, og í heild fundust þar 295 fullorðnir fuglar (Tafla 2). Áætlað er að um 15 pör hafi orpið í eyjunum í Hornafirði.

Tafla 2 - Helsingjar í Austur-Skaftafellssýslu vorin 2019 og 2020

	Varppör		Fjöldi fugla	
	2019	2020	2019	2020
Skúmey	1330	1495	*	*
Breiðamerkursandur	4	43	*	527
Suðursveit	26	19**	*	834
Mýrar	317	364	1655	1959
Nes	78	136	232	295
Eyjar í Hornafirði	5	15**	*	*
<b>ALLS</b>	<b>1760</b>	<b>2072</b>	-	-

\*Gögn vantar, heildarfjöldi fugla ekki talinn

\*\* Áætlað

Talning hreiðra/varppara helsingja af ljósmyndum gaf ekki sérlega góða raun. Fjöldi hreiðra í flestum vörpum var minni en talningin af jörðu niðri gaf. Mestur var þó munurinn á fjölda geldfugla, sem skiluðu sér illa á flugmyndum. Líklegasta skýringin er að fuglar sem ekki áttu sér hreiður hafi flúið af hólmi þegar flugvélin nálgast en hreiðurfuglar hafi reynt að sitja truflunina af sér. Talningin á Mýrum gaf mjög svipaða niðurstöðu úr lofti (354 hreiður) og á láði (364) en mun fleiri sáust á myndum af Nesjum (136) en fundust af jörðu (80) og var því flugtalningin látin ráða (Tafla 2).

Í heild fundust 2493 helsingjahreiður í Skaftafellssýslum, 421 í Vestur-Skaftafellssýslu og 2072 í Austur-Skaftafellssýslu. Vitað er að helsingjastofninn verpur víðar í litlum mæli og er því stofnmat helsingja á Íslandi 2500 varpör vorið 2020, auk geldfugla. Út frá meðalhluftalli geldfugla má áætla heildarstofn helsingja á Íslandi. Ef fjöldi varpfugla (hreiður x2) er dreginn frá heildarfjölda fugla í vörpunum fæst fjöldi geldfugla. Því miður er illfært að telja alla fugla í stærstu vörpunum, s.s. Skúmey. Því er heildarstofn áætlaður út frá hlutfalli geldfugla í vörpum þar sem heildartalning er möguleg. Þannig fékkst mat á stofnstærð íslenskra helsingja 2019 um 9000 fuglar (geldfugl 54,3%) og 2020 um 11.600 fuglar (geldfugl 57,4%). Heildartalning Grænlandsstofns (þ.m.t. íslenski varpstofninn) á vetrarstöðvum í mars 2020 gaf 73.391 fugl (McKenzie o.fl. 2021; Viðauki 2), en ef marka má heildarstofnmat á Íslandi sama vor þá er hlutdeild íslenskra helsingja orðin 15,8% (var um 12,5% 2019).

## Umræða

Varpstofn helsingja á suðaustanverðu landinu heldur áfram að vaxa, úr 2052 pari árið 2019 í 2493 pör árið 2020, eða um 18% á milli ára. Langstærsta varpið er sem fyrr í Skúmey í Jökulsárlóni, en þar fundust 1495 varppör og hefur þeim fjölgað hratt. Árið 2014 fundust þar 361 hreiður (Jóhann Helgi Stefánsson o.fl. 2015), 968 árið 2017 (Snævarr Guðmundsson o.fl. 2018), 1180 árið 2018 (Lilja Jóhannesdóttir og Kristín Hermannsdóttir 2019) og 1330 árið 2019 (Lilja Jóhannesdóttir o.fl. 2020). Dregið hefur úr árlegri aukningu hreiðra í Skúmey síðustu ár, var 22% frá 2017 til 2018 en aðeins 12-13% hin árin fram til 2020. Skúmey er um 10 ha að stærð eða um 100 þúsund fermetrar. Hvert helsingjapar hefur því að jafnaði aðeins um 67 fermetra til umráða og er því líklegt að landrými sé farið að hamla frekari fjölgun þar. Heildarstofnmat helsingja á Íslandi fyrir árið 2020 er 11.600 fuglar og er 29% aukning frá árinu áður þegar stofninn var metinn 9000 fuglar.

## Þakkir

Við viljum þakka Fuglaathugarstöð Suðausturlands sem vann hluta vettvangsvinnunnar og Sigurði Guðjónssyni fyrir að leiðsegja um illfær svæði. Einnig þökkum við Ferðapjónustunni Jökulsárlóni, starfsmönnum Vatnajökulspjóðgarðs og sjálfboðaliðum fyrir hjálpina. Úlfar Henningsson flugstjóri stýrði ljósmyndafluginu og Guðmundur A. Guðmundsson sá um lóðréttu myndatöku og talningu af myndum.

## Heimildir

Jóhann Helgi Stefánsson, Kristín Hermannsdóttir & Snævarr Guðmundsson 2015. *Helsingjar í Austur-Skaftafellssýslu – stofnstærð og varpútbreiðsla 2014*. Útg. af Náttúrustofa Suðausturlands, desember 2015.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson & Svenja N.V. Auhage 2012. *Helsingjar við Hólmsá*. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-12008. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.


Lilja Jóhannesdóttir & Kristín Hermannsdóttir 2019. *Fuglalíf í Skúmeyp á Jökulsárlóni á varptíma 2018*. Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði, mars 2019. 13 bls.

Lilja Jóhannesdóttir, Kristín Hermannsdóttir & Svenja N. V. Auhage 2020. *Varpútbreiðsla helsingja á Suðausturlandi 2019*. Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði, janúar 2020. Minnisblað 5 bls.

McKenzie, R., G.A. Gudmundsson & A. McIntosh 2021. EGMP population status and assessment report 2021.E. Greenland/Scotland & Ireland population of Barnacle Goose. 6th meeting of the AEWG European Goose Management International Working Group. 9 bls.

Snævarr Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson, Hrafnhildur Ævarsdóttir, David Evans, Brynjúlfur Brynjólfsson & Björn Gísli Arnarson, 2018. *Skúmeyp í Jökulsárlóni*. Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði. 62 bls.

**Viðauki 1 - Fjöldi helsingjahreiðra í Skúmey eftir árum.**





**Viðauki 2 - Þróun heildarstofnstærðar Grænlandsstofns helsingja og hlutdeild fugla af íslenskum uppruna í stofninum.**

